	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3/11 2016
Málsnr:	1611041
Bréfal:	200



Hafnarfirði, 2. nóvember 2016

Bæjarráð Hafnarfjarðar

Bt. Rósa Guðbjartsdóttir, formaður

Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Erindi: Mótun vörumerkjastefnu fyrir Hafnarfjörð

Stjórn Markaðsstofu Hafnarfjarðar telur mjög mikilvægt að farið verði í að móta og kortleggja vörumerkjastefnu fyrir Hafnarfjörð. Því er lagt til að MSH leiði verkefni í samstarfi við samskiptasvið bæjarins og þær stofnanir og ráð sem að málinu þyrftu að koma. Í verkefninu yrðu tækifæri og sóknarfæri metin og tímasett áætlun gerð um á hverju skuli byggja og hvert skuli stefnt.

Eins og staðan er nú má segja að Hafnarfjörður sé alls konar. Keyrt er á skilaboðum um álfabæinn Hafnarfjörð, víkingabæinn Hafnarfjörð og Bæinn í hrauninu svo fátt eitt sé nefnt. Þörf er á heildarsýn sem tengir saman arfleið, sögu, sérstöðu og núverandi stöðu. Þannig verði ímynd bæjarins og það sem íbúar vilja standa fyrir samþætt í skýrum skilaboðum.

Mikilvægt er að fá utanaðkomandi aðila til að halda utan um verkið með Markaðsstofu Hafnarfjarðar og fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar (samskiptastjóra).


Gera þarf stöðumat, meta núverandi gögn, rannsóknir og skoða hver séu viðhorf Hafnfirðinga, Íslendinga og ferðamanna til Hafnarfjarðar. Þjóa upp á erindi og vinnustofur þar sem seglar og sóknarfæri Hafnarfjarðar eru kortlagðir. Finna sérkennin og nýta til að kynna Hafnarfjörð og styrkja ímynd bæjarins inn og út á við. Seglarnir hjálpa til við að laða að nýja íbúa, fyrirtæki og ferðamenn í bæinn. En ekki síst styrkja ímynd bæjarins í hugum Hafnfirðinga og hafnfirska fyrirtækja.

Vörumerkjastefnan mun þannig nýtast sem grunnur í markaðs- og kynningarstarfi og því mikilvægt að ráðist verði í verkið sem allra fyrst.

Stjórn Markaðsstofu Hafnarfjarðar óskar eftir samstarfi við bæjaryfirvöld um verkefnið og býðst til að leiða verkefnið og vinna í náinni samvinnu við þá aðila sem tilnefndir væru af bænum.

KOSTNAÐUR OG TÍMARAMMI: Gera má ráð fyrir að kortlagning, gagnaöflun, fræðsla, samtali við íbúa og hagsmunaaðila, lokasamantekt og niðurstöður kosti í kringum 3 milljónir króna. Leitað verður útboða í verkið hjá 3-4 aðilum sem hafa unnið slík sambærileg verkefni áður. Áætlað er að þessi vinna muni taka 3-5 mánuði og verði því lokið eigi síðar en 1. júní 2017

Með kveðju fyrir hönd stjórnar MSH,



Karl Guðmundsson, formaður stjórnar